

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 24. nóvember 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda.

Breytingin tekur til 20 lóða, þ.e. Hyrnulands 1 og 10-16, og Hörpulands 1-15 og felur í sér að byggingarmagn á umræddum lóðum er aukið úr 120 m² í 125 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 9. desember 2021,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2021